

Skipulagsfulltrúi
Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. maí 2017
UST201703-341/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Gunnuhver og aðliggjandi svæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkur er barst 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Gunnuhvers og aðliggjandi svæða.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að áætlað deiliskipulagssvæði eru 35 ha að stærð og er staðsett á suðvestanverðu Reykjanesi og er á mörkum tveggja sveitarfélaga. Einnig kemur fram að meginmarkmið með skipulaginu er að skilgreina aðkomu, áningastaði og bílastæði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfi Gunnuhvers hefur tekið miklum breytingum vegna aukinnar yfirborðsvirkni.

Náttúruminjar


Í lýsingu kemur fram að Gunnuhver flokkast sem gufuhvera- og leirpyttaklasi, og að gufu- og leirhverir stafa af suðu í jarðhitageymi.


Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til. Þar af leiðandi er mikilvægt að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask. Einnig er mikilvægt að efnisval við framkvæmdir sé vandað og að öll mannvirki falli vel að landslagi og umhverfi.

Að mati stofnunarinnar, er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir s.s. bílastæði o.þ.h. verði komið fyrir á svæðum sem þegar hefur verið raskað ef þess er nokkur kostur.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur